



Fræðslunefnd FUNDUR – 30. ágúst 2007

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduós bæjar fimmtudaginn 30. ágúst kl. 17:00 í leikskólanum Barnabæ. Mæting samkvæmt undirskriftum. Sunna Gestsdóttir varaformaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Kosning formanns.
2. Opnunartími leikskóla sumarið 2008
3. Önnur mál vegna leikskóla.
4. Fundarhlé og fundurinn fluttur í grunnskólann.
5. Starfmannamál í grunnskóla.
6. Framkvæmdir í og við grunnskólann.
7. Önnur mál vegna grunnskóla.

Afgreiðslur:

Fræðslunefnd þakkar Helgu Kristínu Gestsdóttur fyrir vel unnin formannsstörf.

1. Kosning formanns.

Tillaga kom fram um að Sunna Gestsdóttir yrði formaður nefndarinnar. Það var samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Kosning varaformanns: Tillaga kom fram um að Zophonías Ari Lárusson yrði varaformaður og var það samþykkt með 3 atkvæðum, 2 sátu hjá.

2. Opnunartími leikskólans.

Nýkjörinn formaður gaf leikskólastjóra, Jóhönnu G. Jónasdóttur orðið og kynnti hún eftirfarandi tillögu að fyrirkomulagi opnunartíma sumarið 2008:

Tillaga/útfærsla á sumaropnun 2008.

- Leikskólabörn verði að taka 4 vikur í sumarfrí eins og verið hefur.
- Leikskólinn verði lokaður í tvær vikur.
- Gerð verður könnun á meðal foreldra hvenær flestir verða í frí og miðist lokunin við það tímabil. Könnunin verði gerð fyrir 1. febrúar 2008.
- Foreldrar taki hinar tvær vikurnar fyrir eða eftir lokun, samtals fjórar vikur.
- Ef það hentar ekki verði hægt að taka tvær vikur samfellt á öðrum tíma.
- Sumarleyfistímabil barnanna miðist við 1. júní – 1. september.

Þann 1. maí 2008 verði allir að vera búnir að skila inn sumarleyfi og ekki verði hægt að breyta því. Ástæðan er sú að allt starf þarf að skipuleggja fyrir sumarið, fjölda starfsmanna o.s.frv. út frá fjölda barna í skólanum. Fyrirkomulagið verði endurskoðað haustið 2008 og ákveðið hvort framhald verði á.

Undir tillöguna ritar Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri.

Fundurinn samþykkir tillöguna og lýsir ánægju sinni með að komið sé til móts við þarfir foreldra og barna.



3. Önnur mál vegna leikskóla.

Sjö umsóknir bárust um laus störf við skólann og kynnti leikskólastjóri nýtt starfsfólk.

Kristín Ingibjörg Lárusdóttir, matráður.
Kristín Ósk Bjarnadóttir, leikskólakennari.
Elva Björk Sturludóttir, leikskólakennaranemi.
Margrét Heiður Jóhannsdóttir, leiðbeinandi.
Sara Kristjánsdóttir, leiðbeinandi.

Farið var í vettvangsskoðun og leikskólinn var skoðaður.

4. Fundarhlé og fundurinn fluttur í grunnskólann.

Leikskólastjóri, fulltrúi foreldra leikskólabarna og fulltrúi starfsmanna leikskólans viku af fundi en skólastjóri og fulltrúar foreldrar og starfsfólks við grunnskólann tóku sæti á fundinum.

5. Starfmannamál í grunnskóla.

Formaður gaf skólastjóra, Þórhöllu Guðbjartsdóttur orðið og kynnti hún nýja starfmenn við skólann.

Sandra Stefánsdóttir, skólaliði í 80 % starfshlutfalli.
Hallfríður Ósk Óladóttir, stuðningsfulltrúi og aðstoð á skóladagheimili, í 60% starfshlutfalli.

6. Framkvæmdir í og við grunnskóla.

Skólastjóri fór yfir framkvæmdir við skólann en búið er að leggja bundið slitlag á leiksvæði við sparkvöll og á bílastæði. Einnig var sett malbik við suðurenda íþróttahúss og er þar nú lítið leiksvæði með einni körfu. Eftir er að setja körfu á leiksvæðið við sparkvöllinn. Verið er að setja kastara við suðurenda á Gamla skólanum.

Kvenfélagið Vaka gaf peningaupphæð til kaupa á vatnshönum í tilefni 60 ára afmælis Gamla skóla og hafa þrjú drykkjar-vatnshana verið settir upp í íþróttahúsi, sundlaug og á efri hæð í Nýja skóla.

Skóladagheimilið hefur verið flutt í myndmenntastofuna og aðrar tilfærslur gerðar í framhaldi af því.

7. Önnur mál Grunnskóli

Skólastjóri kynnti að skráðir nemendur við skólann eru 128.

Skóladagur er samfelldur hjá öllum nemendum.

Nokkar umræður voru um gjaldskrár leikskóla og grunnskóla og ákveðið var að kalla eftir gögnum um þau mál fyrir næsta fund.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40

Sunna Gestsdóttir

Árný Þ. Árnadóttir

Heiðrún Bjarkadóttir

Zophonías Ari Lárusson

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri

Erla Ísafold Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna

Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri grunnskólans

Berglind Björnsdóttir, fulltrúi starfsmanna grunnskólans

Hanna Jörgensen, fulltrúi foreldra grunnskólabarna

Jakobína Halldórsdóttir